

# Maíbréf 2023

Þá er vorið komið og fer að sjást fyrir endann á þessum skólavetri. Sund getur verið alla daga sem íþróttir eiga að vera þannig að allir þurfa alltaf að vera með sundföt.

Núna reynum við að vera sem mest úti þannig að muna að klæða sig eftir veðri, það getur verið lúmskt kalt.

Skila þarf öllum bókum og öðrum gögnum sem tilheyra skólanum eða bókasafninu til umsjónarkennara. Munið einnig að skila þarf diskum, hljóðbókum, spjaldtölvum, snúrum og slíku sem er í eigu skólans.

Það verður engin próftafla sem slík heldur verða öll próf í viðkomandi kennslustundum. Vordagarnir verða hjá okkur með hefðbundnu sniði þ.e. eldra stigið verður heima með verkefni en yngri verða í skólanum. Hugsanlega verður farið í einhverjar styttri ferðir með yngra stigið.

Skólaslitin verða hjá okkur 2. júní eftir venjulegan (styttri) skóladag.

10. maí verður langur dagur hjá eldri (Syðstu-Garðar á vakt)

16. maí verður farið í heimsókn í Stykkishólm

18. maí er Uppstigningardagur og enginn skóli

19. maí er starfsdagur og engin kennsla

22. maí verður tónlistardagur hjá Jenna kl. 13:00

22.-26. maí verða foreldrasamtöl

29. maí er Annar í Hvítasunnu og enginn skóli.

30. maí -1. júní verða vordagar

1. júní verður Leikhópurinn Lotta með leiksýninu kl 16:00

2. júní er síðasti skóladagurinn. Nemendur mæta kl. 10:20 en skólaslit verða kl. 14:00

Kveðjur  
Starfsfólk Laugargerðisskóla